

Copland gegn Bretlandi

Dómur frá 3. apríl 2007

Mál nr. 62617/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Eftirlit með síma- og tölvunotkun á vinnustað.

1. Málsatvik

Kærandi, Lynette Copland, er breskur ríkisborgari, fædd 1950 og búsett í Llanelli. Frá árinu 1991 hefur kærandi starfað í ríkisreknum menntaskóla. Á árunum 1998 og 1999 varð kærandi þess vör að fylgst var með símnotkun hennar, tölvupóstsendingum og internetnotkun. Þá taldi kærandi að hún væri undir eftirliti, bæði á vinnustað og utan hans. Var þetta eftirlit að frumkvæði aðstoðarskólameistarans, sem kærandi starfaði náið með. Á þessum tíma voru engar sérstakar reglur í gildi í skólanum um eftirlit með sím- og netnotkun starfsmanna, og kærandi virðist hafa verið eini starfsmaður skólans sem sætti slíkum athugunum. Aðstoðarskólameistarann var síðar vikið frá störfum. Aðilum bar ekki saman um hve ítarlegt eftirlitið var eða í hversu langan tíma það stóð.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að réttur hennar til friðhelgi einkalífs hefði verið brotinn með því að fylgst var með henni á þennan hátt. Vísaði kærandi til 8. gr. sáttmálans máli sínu til stuðnings.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að bæði tölvupóstsendingar og upplýsingar um netnotkun á vinnustað nytu verndar 8. gr. sáttmálans með sama hætti og símnotkun á vinnustað. Kæranda hefði ekki verið tilkynnt um að fylgst væri með sím- eða tölvunotkun hennar og því hefði hún ekki haft neina ástæðu til að ætla að svo væri. Þá taldi dómstóllinn það ekki skipta máli að gögnin sem safnað var um kæranda voru ekki birt eða notuð gegn henni sérstaklega. Það var því álit dómstólsins að gengið hefði verið á rétt kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Kom þá næst til skoðunar hvort afskiptin af einkalífi kæranda hefðu átt sér stöð í lögum. Dómstóllinn féllst ekki á þau rök að skólanum væri frjálst að aðhafast hvaðeina sem nauðsynlegt teldist til að veita betri menntun. Á þeim tíma sem um ræddi voru einungis í gildi mjög almennt orðaðar meginreglur í lögum um vinnslu persónuupplýsinga. Hvergi var að finna ítarlegar reglur um það með hvaða skilyrðum vinnuveitendur mættu hafa eftirlit með sím-, tölvupóst- eða netnotkun starfsmanna. Því var það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 6.000 evrur í málskostnað.